

## Stjórnarfundur Geðhjálpar miðvikudaginn

11. febrúar 2026 kl. 16:00

**Mættir:** Birgir Páll Hjartason, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Hallgrímur Hrafnsson, Jón Ari Arason Breiðfjörð, Grímur Atlason og Sigurborg Sveinsdóttir ritaði fundargerð

### 1. Fundargerð frá 17. desember 2025

Samþykkt.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sl. vikna. Þung einstaklingsmál komið upp að undan förnu og aðstandendur hafa leitað til Geðhjálpar. Sjóvá hafði samband varðandi verkefni um ánægju sem Geðhjálpar verður hluti af. Í framhaldinu ætlar Sjóvá að bjóða fulltrúum Geðhjálpar til fundar þar sem fjallað verður um tryggingamál og geðvanda en Geðhjálpar hefur í mörg ár gagnrýnt ýmislegt því tengdu. Framkvæmdastjóri sat fyrir hönd Geðhjálpar í vinnuhópi Reykjavíkurborgar, ásamt fulltrúum annarra hagsmunasamtaka, sem fór yfir stefnu í málefnum fatlaðs fólks. Lokaafurð þess hóps verður síðan kynnt í samráðsgátt Reykjavíkurborgar í mars.

### 3. Ársreikningur – drög

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að ársreikningi sem verður lagður fram á næsta stjórnarfundum til samþykktar.

### 4. Aðalfundur

Tillaga lögð fram um að aðalfundur Geðhjálpar verði haldinn 25. mars nk. kl. 16:00 í húsakynnum samtakanna Guðrúnartúni 1.

Samþykkt.

### 6. Kynning frá Dumitritu Simion verkefnastjóra erlendra verkefna

Dumitrita fór yfir lýsingu á mögulegum verkefnum og mögulegum samstarfsaðilum. Samþykkt var að fylgja eftir þeirri áætlun sem Dumitrita setti upp fyrir stjórnina.

### 7. Frásögn frá Oxford ferð

Ebba segir frá „retreat“ sem henni var boðið á í Oxford af samtökum sem kallast, Spirit from human forum.

### 8. Skjólshús

Farið yfir það helsta sem við höfum verið að vinna að varðandi Skjólshúsið.

## Önnur mál

Jón: Ræddi um ýmsar nefndir og ráð sem fulltrúar Geðhjálpur sitja í. Það er afar misjafnt hvernig þessu er háttað og eru sumir þeirra funda sem fulltrúar samtakanna sitja í allt að því tímaeyðsla. Fundarmenn taka undir þetta.

Hallgrímur: Segir frá verkefni um endurskipulagningu á réttar- og öryggisgeðdeild (R.ÖK). Halldóra Víðisdóttir stýrir verkefninu. Ánægja með að það sé notandi í þessu verkefni og greinilega nokkuð breyttar áherslur sem verið er að vinna að.

Ebba: Heilbrigðisráðuneytið hefur ákveðið að taka þátt í verkefni á vegum WHO og Mental health Europe um að byggja upp og/eða styrkja jafningjapjónustu í batamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu. Stjórn samþykkti að Ebba og Freymar Marinósson tækju þátt í þessu verkefni þar sem þau hafa verið í mörgum verkefnum sl. ár er varðar þetta efni.

Fundi slitið: 17:17